

Leiðin að sjálfbæru samfélagi

– fyrir fólk, umhverfi og atvinnulíf

Við í Samfylkingunni – jafnaðarmannaflokki Íslands trúum því að með samstöðu og samtakamætti almennings getum við sigrast á öllum áskorunum okkar daga. Á tímum heimsfaraldurs, atvinnuleysis og eftirspurnarkreppu eru grunngildi og aðferðir jafnaðarmanna það leiðarljós sem almenningur á Íslandi getur reitt sig á – og hið sama gildir í baráttunni við loftslagshamfarir á heimsvísu. Við vinnum stærstu sigrana saman, ekki hvert í sínu horni.

Jafnaðarstefnan er björt og mannúðleg og byggir á þeirri sannfæringu að besta leiðin til að ná framförum fyrir alla sé að viðhalda góðu jafnvægi milli samfélags, efnahags og umhverfis. Með sjálfbærri þróun mætum við þörfum nútímans án þess að skerða lífsgæði komandi kynslóða. Við erum andsnúin óhóflegri samþjöppun auðs, valds, tækifæra og lífsgæða og viljum draga úr vaxandi bili milli borgar og byggða. Við viljum búa hverri einustu manneskju á Íslandi skilyrði til að blómstra á eigin forsendum og stuðla að jöfnum tækifærum fólks til að láta drauma sína rætast.

Samfylkingin býður fram klassíska norræna jafnaðarstefnu fyrir allt Ísland og alla Íslendinga. Samfélög Norðurlanda sanna að fjölbreytt og þróttmikið atvinnulíf spilar best með sterku opinberu velferðarkerfi. En þessi samfélagsgerð féll ekki af himnum ofan heldur er hún afleiðing af þrotlausri baráttu, skipulagningu og lýðræðislegri þátttöku almennings. Norræna samfélagsgerðin á sér þrjár meginstoðir sem eru félagslegt réttlæti, ábyrg efnahagsstjórn og heilbrigður vinnumarkaður. Þetta eru þau leiðarstef sem Samfylkingin og kjörnir fulltrúar flokksins byggja á í öllum sínum störfum.

Miklu skiptir að til forystu í stjórnámálum veljist víðsýnir fulltrúar almennings sem hafa skýra framtíðarsýn um nauðsynlegar samfélagsbreytingar og vinna af heilindum fyrir opnum tjöldum. Kjörnir fulltrúar Samfylkingarinnar eiga opið og einlægt samtal við flokksfélaga og kjósendur, hvort sem flokkurinn er í stjórn eða stjórnarandstöðu. Samfylkingin er flokkur sem vinnur í almannabágu [og bindur ekki lag sitt við hagsmunahópa sem vinna gegn hagsmunum almennings](#).

Við vitum að ábyrgð okkar er mikil. Samfylkingin [hefur það að leiðarljósi að útfæra og framkvæma jafnaðarstefnu fyrir Ísland þannig að hún skili sem mestum árangri](#) í þágu lands og þjóðar. Sjaldan hefur verið eins áriðandi að okkur takist vel til. Verkefni Samfylkingarinnar á komandi kosningavetri er að fylkja liði um þau gildi og þá framtíðarsýn sem við trúum á. Hér lýsum við leiðinni að sjálfbæru samfélagi og nýrri lífskjarasókn á Íslandi sem getur hafist á grunni fjölbreyttari efnahagsstarfsemi og sterkara velferðarkerfis í aukinni sátt við náttúruna – fyrir fólk, umhverfið og atvinnulífið.

Deleted: , ekki fyrir útvalda eða þrönga sérhagsmuni.

Deleted: er

Deleted: ábyrg fyrir því að útfæra og framkvæma jafnaðarstefnuna fyrir Ísland þannig að hún skili sem mestum árangri ...

Efnisyfirlit

	Auðlindir þjóðar	7
	Fjárfestum í menntun	7
Réttlæti		4
	Tekjujöfnun	8
Velferð		3
Heilbrigðisþjónusta		3
Þjónusta við fatlað fólk		3
Fátækt		4
Mannréttindi		4
Frelsi frá ofbeldi og kúgun		4
Fjölskylduvænt samfélag		4
Aldursvænt samfélag		4
Húsnæði		5
Verið velkomin		5
Fjölmennig		5
Ný stjórnarskrá		5
Réttarríkið		5
	Réttlátt fyrirtækjaumhverfi	7
	Greiðum til samfélagsins	7
	Virk samkeppni	8
	Gjaldfrjáls greiðslumiðlun	8
	Lýðheilsa og forvarnir	8
	Fjögum samverustundum	8
	Mannauður	8
	Þekkingarsamfélagið	9
	Aðgengilegt menntakerfi	9
	Fjölbreytt nám	9
	Kynjajafnrétti	9
	Geðheilbrigði í skólum og á vinnumarkaði .	9
	Opinber störf	9

Próunarsamvinna	5
Jöfnuður	6
Sjálfbærni	6
Aðgerðir gegn hamfarahlýnun	6
Sköpum hvata til sjálfbærni	6

Græni þráðurinn	10
Fjölbreytni í landbúnaði	10
Vinnustaðir framtíðarinnar	10
Heilbrigður vinnumarkaður	10
Evrópusamvinna	10

Réttlæti

Samfylkingin vill byggja upp samfélag þar sem allir búa við jöfn tækifæri, full mannréttindi og þar sem velferð allra er tryggð með öflugri og opinberri velferðarþjónustu. Við viljum skera upp herör gegn ójöfnuði og tryggja með öllum ráðum að félagsleg vandamál erfist ekki milli kynslóða.

Grundvallarsjónarmið Samfylkingarinnar er að sérhverjum einstaklingi verði tryggð skilyrði til að rækta hæfileika sína og nýta í þágu eigin velferðar, samfélags síns og komandi kynslóða. Til að svo megi verða þarf að tryggja velferð í samfélaginu.

Velferð

Velferð er hornsteinninn í stefnu jafnaðarfólks enda forsenda verðmætasköpunar, jafnra tækifæra og frelsis einstaklinga til að þroska hæfileika sína. Samfylkingin vill að velferðarþjónusta framtíðarinnar tryggi öllum sem á þurfa að halda stuðning, hjálp og ráð í samræmi við þarfir og óskir þeirra.

Velferðarþjónusta framtíðarinnar skal jafnframt vera notendamiðuð og notendavæn, aðgengileg og tryggi að enginn falli á milli og tynist, hvort sem varðar fjárhagslega, félagslega eða heilsufarslega grunnþjónustu. Almennatryggingar eiga að tryggja öllum mannsæmandi afkomu. Velferð er birtingamynd alls þess fallegasta við mannlegt samfélag; samhjálp og samkennd en um leið nauðsynleg til að tryggja einstaklingum frelsi til að nýta hæfileika sína.

Heilbrigðisþjónusta

Samfylkingin vill að öflugt opinbert heilbrigðiskerfi framtíðarinnar tryggi að fólk um land allt eigi kost á nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu án tillits til efnahags, með stórefldri gjaldfrjálsri heilsugæslu í nærumhverfinu og þar sem biðlistar eftir nauðsynlegum aðgerðum heyra sögunni til. Öll almenn heilbrigðisþjónusta sé [öllum aðgengileg óháð búsetu og efnahag](#).

Samfylkingin vill að geðheilbrigði verði sjálfsagður hluti af hinu almenna heilbrigðiskerfi og því gert hátt undir höfði með forvörnum, endurhæfingu og aðgengi að niðurgreiddri geð- og sálfræðiþjónustu. Stuðlað verði að aukinni umræðu og fræðslu um geðheilbrigðismál.

Þjónusta við fatlað fólk

Samfylkingin vill að í samfélagi framtíðarinnar verði þjónusta við fatlað fólk samfelld á öllum skóla- og aldursstigum og mæti fjölbreytilegum þjónustupörfum að óskum fatlaðra og fjölskyldna þeirra. Fötluðum sé gert kleift að taka virkan þátt í samfélaginu og komi að stefnumótun í eigin málefnum. Lögum um NPA fylgi nægjanlegt fjármagn sem geri sveitarfélögum kleift að uppfylla lögbundnar skyldur sínar. Réttur til sjálfstæðs lífs verði tryggður.

Deleted: gjaldfrjáls

Deleted: í

Deleted: opinbm rek

Fátækt

Samfylkingin vill útrýma fátækt. [Samfylkingin vinnur að hagsæld allra með einbeittum pólitískum vilja.](#) Samfylkingin vill að farið verði í markvissar aðgerðir til að [tryggja þeim sem búa við fátækt fjölbreytt og sértæk úrræði sem henta viðkomandi fjölskyldu og einstaklingum að teknu tilliti til menningarlegs og félagslegs bakgrunns til að rjúfa vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar.](#) Sérstaklega þarf að bregðast við aðstæðum barna í fátækum fjölskyldum vegna hættu á að fátækt erfist.

Deleted: Til þess þarf aðeins einbeittan pólitískan vilja.

Mannréttindi

Samfylkingin vill byggja samfélag framtíðarinnar á frelsi og lýðræði, kvenfrelsi, jafnrétti, samvinnu og samábyrgð. Samfylkingin verði ávallt í fararbroddi í mannréttindamálum með megin áherslu á jafna stöðu kynja, óháð aldri, kyni, kynhneigð, [kynvitund](#), þjóðerni, litarafiti, trú eða stjórnmálaskoðunum.

Deleted: finna fjölskyldur sem búa við fátækt og beita fjölbreyttum og sértækum úrræðum sem henta viðkomandi fjölskyldu að teknu tilliti til menningarlegs og félagslegs bakgrunns til að rjúfa vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar. ...

Frelsi frá ofbeldi og kúgun

Samfylkingin vill halda áfram að taka forystu í baráttunni gegn ofbeldi og stuðla þannig að samfélagi þar sem kynbundið ofbeldi og áreitni þrífst ekki. Samfélagi þar sem hver manneskja, [óháð kyni](#), nýtur óþvingaðs frelsis til að rækta eigin sjálfsmynd fordómalaust.

Deleted:

Deleted: kynvitund,

Deleted: kynbundnu

Deleted: sama hvaða kyns hún er

Fjölskylduvænt samfélag

Samfylkingin vill að á Íslandi þrífst barnvænt samfélag byggist á rétti barna eins og hann er skilgreindur í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Afkoma barnafjölskyldna verði tryggð og gott aðgengi allra barna og ungmenna að íþróttum og [öðru](#) félagsstarfi verði sjálfsagt. Sérstaklega verði hugað að börnum innflytjenda [og börnum með annan menningarbakgrunn](#) í skólakerfinu og í heilbrigðiskerfinu. Stuðningur við langveik börn og börn með hegðunarvandamál, geðraskanir og þroskafrávik þarf að efla og útrýma biðlistum barna og ungmenna sem bíða eftir greiningum og úrræðum við hæfi. Vernda [skal](#) börn gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu. Efla þarf barnabótakerfið og tryggja að kerfið sé almennt stuðningsnet líkt og á hinum Norðurlöndunum fremur en fátækrastrykur. Börnum og foreldrum verði gert kleift að verja meiri tíma saman [án þess að það komi niður á afkomu fjölskyldna](#).

Aldursvænt samfélag

Viðhorfsbreytingar er þörf í málefnum eldri borgara. Samfylkingin hafnar aldursmisrétti sem meðal annars birtist í því að aldraðir séu álitnir einsleitir hópur sem hafi sama vilja og þarfir. Aldraðir eiga rétt á að hafa áhrif á eigin aðstæður og hafa val eins lengi og kostur er um atvinnuþátttöku, menntun og búsetu. Rjúfa þarf félagslega einangrun og stuðla að virkni fólks með forvarnarstarfi og bættu

aðgengi að sérfræðiaðstoð. Aukin áhersla verði lögð á geðrækt og trausta geðheilbrigðisþjónustu, bæði innan og utan dvalar- og hjúkrunarheimila.

Húsnæði

Að eiga sér öruggt heimili er sjálfsgöð mannréttindi. Húsnæðisöryggi óháð efnahag eða félagslegri stöðu er forsenda jafnra tækifæra og almennrar velferðar. Samfylkingin vill tryggja virkan og sanngjarnan leigumarkað sem og aukið framboð af félagslegu húsnæði í sveitarfélögum landsins, aðstoða fyrstu kaupendur og tryggja húsnæðisöryggi viðkvæmra hópa með markvissum aðgerðum í anda húsnæði-fyrst stefnunnar.

Verið velkomin

Samfylkingin vill að Ísland taki við flóttafólki eins og kostur er og viðhafi mun mannúðlegri stefnu í móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd. Ekki aðeins er það hluti af ábyrgð okkar sem velmegandi samfélags að skjóta skjólhúsi yfir fólk sem flúið hefur átök, ofbeldi og ofsóknir, heldur [ber okkur einnig að bjóða slíka einstaklinga velkomna sem](#) kærkomna viðbót við íslenskt samfélag.

Fjölmenning

[Samfylkingin vill viðhorfsbreytingu gagnvart innflytjendum og flóttafólki sem byggir á að þau séu velkomin og þeim verði gert kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.](#) Lykillinn að farsælli búsetu er að skilja samfélagið og taka fullan þátt í því. Stuðlað verði að gagnkvæmri menningarfræðslu til að minnka fordóma og auðvelda [þeim að taka þátt í samfélaginu á jafningjagrundvelli](#) hér á landi. Atvinnuþátttaka innflytjenda verði auðvelduð með sveigjanlegri regluverki [góðu aðgengi að íslenskunámi og mati á menntun ásamt ráðgjöf um aðlögun til starfsréttinda hérlandis sé þess þörf](#).

Ný stjórnarskrá

Samfylkingin [telur að ljúka þurfi endurskoðun stjórnarskrárinnar á grundvelli þeirra vinnu sem unnin var af Stjórnlagaráði og þeim almannavilja sem birtist í Þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.](#)

Réttarríkið

Við viljum beita ríkisvaldinu með hófsemd, með áherslu á að tryggja mannréttindi og lífstækifæri allra einstaklinga og gegn hvers konar misrétti. Samfylkingin vill að sjálfstæði dómstóla sé ávallt tryggt og hafið yfir vafa, þar sem fyllsta sanngirnis sé gætt og allur almenningur getur treyst á réttláta málsmeðferð. Tryggja þarf [lögmeata og réttláta málsmeðferð stofnanna ríkisins.](#)

Deleted: fleira

Deleted: liggur í augum uppi að þessir

Deleted: r

Deleted: eru velkomin og

Deleted: in

Deleted: Viðhorfsbreytingar er þörf til innflytjenda og flóttafólks sem byggir á að þau séu velkomin og þeim gert kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Deleted:

Deleted:

Deleted: aðlögun

Deleted: og stuðlað að því að menntun verði metin í auknum mæli.

Deleted: a þurfi

Deleted: na

Deleted: þannig að mannréttindi og grunnildri jafnaðarstefnu séu í hávegum höfð sem og breytingaferli núgildandi stjórnarskrár.

Deleted: tekur ekki annað í mál en að það glæsilega lýðræðislega ferli sem samning nýrrar stjórnarskrár var sett í á árunum eftir hrun verði klárað og innan fárra ára búi Íslendingar stolt að nýrri stjórnarskrá, byggðri á tillögum Stjórnlagaráðs og þeim almannavilja sem birtist í Þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Deleted: betur möguleika til að nýta sér úrræði

Deleted: stjórnsýslustofnana.

Þróunarsamvinna

Ísland á að beita rödd sinni gegn mannréttindabrotum og taka forystu í alþjóðlegri baráttu gegn fordómum, öfgum og mismunun. Við eigum að styðja við réttindabaráttu viðkvæmra hópa á alþjóðavísu. Íslendingum ber að leggja ríkulega af mörkum til að taka þátt í því alþjóðlega verkefni að draga úr hungri, fátækt, barnadauða og félagslegu ranglæti og stuðla að friði.

Jöfnuður

Allar manneskjur eru jafn mikilvægar og eiga jafnan rétt til að öðlast þroska, hagsæld og lífshamingju. Öllum þarf að tryggja mannsæmandi lífsviðurværi. Til þess að geta tryggt öllum jafnan rétt og sambærilega möguleika er nauðsynlegt að jafna skiptingu veraldlegra gæða. Jafnari tekjuskipting er ekki aðeins réttlát heldur stuðlar að aukinni hagsæld. Hagstjórn jafnaðar snýst um að viðhafa aga í útgjöldum, nægar skattatekjur til rekstrar, opin viðskipti og fulla atvinnu.

Sjálfbærni

Samfylkingin vill að samfélag framtíðarinnar byggi á sjálfbæru atvinnulífi, sem kalla má jafnrétti kynslóðanna, þar sem hver kynslóð gætir þess að ganga ekki á takmörkuð gæði samfélagsins og okkar einu jarðar þannig að það skerði lífsgæði komandi kynslóða. Því þarf að huga að grænum áherslum í öllum þáttum atvinnulífs og opinberum aðgerðum.

Aðgerðir gegn hamfarahlýnun

Samfylkingin vill tafarlaust ráðast í róttækar aðgerðir til að sporna við hamfarahlýnun og mengun. Framlag Íslands til þessa málstaðar þarf að vera afgerandi, enda veltur hagsæld og heilbrigði allra jarðarbúa á því að allar þjóðir heims, ekki síst ríkar vesturlandþjóðir eins og Ísland, taki verulega til heima hjá sér. Við þurfum að sýna pólitískt hugrekki og taka af skarið. Við stefnum að framtíðarsýnni Sjálfbært Ísland. Dæmi um aðgerðir sem ráðast þarf í hið fyrsta eru að binda í lög markmið um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda [í samræmi við alþjóðasamninga](#), hraða orkuskiptum í öllu samgöngukerfinu og flétta grænar áherslur inn í alla stefnumótun. Samfylkingin leggur áherslu á að kostnaðurinn af aðgerðum í loftslagsmálum verði ekki látinn falla á herðar tekjulægri hópa eða íbúa í dreifðum byggðum umfram aðra.

Sköpum hvata til sjálfbærni

Beita þarf skattkerfi með það að markmiði að skapa frekari hvata til sjálfbærrar umgengni um náttúruauðlindir. Tilgreina þarf tilgang fyrirtækja í hlutafélagalögum, líkt og gert hefur verið í lögum um fjármálafyrirtæki, um að þau þjóni og skapi virði fyrir viðskiptavini, hluthafa, starfsfólk og samfélagið sem það starfar í. Skaðabótakröfur vegna umhverfistjóns sem þrotabú fyrirtækis hefur

Deleted: um helming hið minnsta á næsta áratug

Deleted: r

valdið eiga að hafa forgangsröfur í búið á eftir launakröfum. Mikilvægt er að fyrirtæki innleiði væntan kostnað vegna umhverfisspjalla [sem starfsemi þeirra kann að valda](#).

Auðlindir þjóðar

Samfylkingin vill að eðlilegt gjald fyrir allar sameiginlegar auðlindir renni til þjóðarinnar. Rétt verð fyrir fiskveiðiauðlindina má fá með útboði á aflaheimildum í hæfilegum skrefum til nýtingar í afmarkaðan tíma, svo dæmi sé tekið um auðlind sem styr hefur staðið um. Nýting auðlinda þarf bæði að vera arðsöm og sjálfbær. Auðlindagjaldið renni til samfélagslegra verkefna á borð við stuðning við þær byggðir landsins sem standa höllum fæti.

Deleted: Samfylkingin mótmælir ókeypis afhendingu auðlinda fjarða landsins fyrir mengandi fiskeldi til erlendra auðhringa, sem eru eins konar nútíma nýlenduherrár í landinu.

Fjárfestum í menntun

Mannréttindi, jöfnuður og félagslegt réttlæti eru grunnur menntastefnu Samfylkingarinnar. Menntun opnar fólki dyr sem áður voru lokaðar og [gefur þeim sem hennar njóta möguleika á auknum lífsgæðum. Menntun er jafnframt](#) forsenda félagslegs hreyfanleika og öflugasti samherji okkar í viðureigninni við stærstu viðfangsefni samtímans.

Deleted: eykur lífsgæði og bætir lífskjör þeirra sem hennar njóta

Formatted: Font: Not Bold

Formatted: Font: Not Bold

Formatted: Font: Not Bold

Deleted: . Hún er

Tekjujöfnun

Öflun skatttekna og dreifing þeirra á að stuðla að jöfnuði og réttlæti. Öll þróun skattlagningar á komandi árum ætti að miða að því að dreifa álögum á þá sem eru aflögufærir, og hlífa þeim sem lægri hafa tekjur. Skref í þá átt geta verið aukin þrepaskipting í skattkerfinu og hækkun persónuafsláttar ásamt öflugu barna- og húsnæðisbótakerfi.

Réttlátt fyrirtækjaumhverfi

Samfylkingin vill að í fyrirtækjaumhverfi framtíðarinnar heyri undanskot í skattaskjól og kennitölulflakk sögunni til. Virk samkeppni er nauðsynlegur grunnur að heilbrigðu efnahagslífi. Jöfn tækifæri lítilla og meðalstórra fyrirtækja til sjálfbærs vaxtar þurfa að vera til staðar.

Skattheimta á fyrirtæki ætti að vera gagnsæ, fyrirséð [og sanngjörn](#).

Deleted: og þrepaskipt

Greiðum til samfélagsins

Hert skatta- og samkeppniseftirlit er nauðsynlegt til að markaðsaðilar geti treyst því að þeir starfi á jafnréttisgrunni og að allir greiði sinn skerf til samfélagsins fyrir þá þjónustu sem það veitir. Efnahagsbrot grafa undan trausti sem er nauðsynlegt heilbrigðu viðskipta – og efnahagslífi. Við viljum stórefla réttarvörslukerfið, sjá rannsóknaraðilum fyrir nauðsynlegum aðbúnaði og þjálfun og skapa þannig traust fjárfesta. Tryggja verður að alþjóðafyrirtæki greiði skatta í hverju því landi þar sem þau eiga viðskipti. Ísland þarf að berjast gegn starfsemi og tilvist skattaskjóla í samstarfi við önnur ríki.

Virk samkeppni

Samfylkingin vill styrkja og efla samkeppnislög og eftirlit til að koma í veg fyrir og brjóta upp skaðlega fákeppni, til hagsbóta fyrir fyrirtæki og samfélagið í heild. Virkri samkeppni fylgir aukin vöruþróun, aukinn neytendaábatí og nýliðun sem styrkir innlenda framleiðslu og þjónustu í alþjóðlegri samkeppni meðan fákeppni og einokun leiðir til misskiptingar tækifæra til atvinnurekstrar, lægri þjóðarframleiðslu, hærra vöruverðs og lægri hlutdeild launafólks í verðmætasköpuninni.

Gjaldfrjáls greiðslumiðlun

Samfylkingin vill að almenningur eigi kost á greiðslumiðlun sér að kostnaðarlausu hvort sem hún fer fram á vegum viðskiptabanka eða Seðlabanka.

Lýðheilsa og forvarnir

Samfylkingin vil að Ísland sé heilsueflandi land, það er samfélag sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan íbúa. Hið manngerða umhverfi og vinnuaðstæður þurfa að styðja við vellíðan og heilsu fólks. Forvarnir eru að öllu leyti efnahagslega hagstæðar og stuðla að hamingjuríkara lífi fólks.

Fjölögum samverustundum

Börnum og foreldrum verði gert kleift að verja meiri tíma saman án þess að það komi niður á afkomu fjölskyldna. Stytting vinnuviku barna og foreldra er þar lykilatriði. Foreldraorlof verði lengt, gert óháð fjölskyldugerð og að því loknu taki leikskólinn við. Samfélagið standi með fjölskyldum með öflugum og fjölbreyttum hætti.

Mannauður

Samfylkingin vill stuðla að samfélagi sem geri sérhverjum einstaklingi kleift að njóta frelsis og fjölbreyttra tækifæra og að þroska hæfileika sína til fulls. Samfylkingin vill að fólki líði vel í námi og starfi og upplifi að komið sé til móts við þarfir þess og réttindi séu virt. Samfylkingin vill búa til skilvirkt og notendavænt rekstrarumhverfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og athafnafólk, sem hefur möguleika og hvata til að veita stórum rekstraraðilum samkeppni á markaði. Í samvinnu við sterk og skipulögð verkalýðsfélög vill Samfylkingin uppræta svik á vinnumarkaði og tryggja launajafnrétti.

Þekkingarsamfélagið

Samfylkingin sér fyrir sér samfélag þar sem hugvit, þekking og verkvit er hornsteinn atvinnulífsins, og samspil öflugs háskólasamfélags og þekkingardrífina fyrirtækja knýja áfram nýsköpun og hagsæld.

Deleted: Samkeppni getur átt sér stað í verðum, gæðum, þjónustu eða góðu aðgengi að vörum, sem leiðir til langvarandi viðhalds eigna, dregur úr vistfótspori og ofneyslu. ...

Formatted: Font: Not Italic

Tryggja þarf að fjármagn til háskólastigsins standist samanburð við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við og efla jöfnunarhlutverk Menntasjóðs námsmanna til að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag og félagslegri stöðu. [Styðja skal við uppbyggingu bekkingarfyrirtækja þar sem menntun nýtist til arðbærra starfa.](#)

Formatted: Font: Not Bold

Deleted:

Aðgengilegt menntakerfi

Samfylkingin vill byggja upp menntakerfi sem er aðgengilegt á öllum skólastigum, þar sem tryggður er nauðsynlegur stuðningur til dæmis við nemendur sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli og nemendur með fötlun. Leitast skal við að allri gjaldtöku sé haldið í lágmarki í skólum á öllum skólastigum og að bágur fjárhagur komi aldrei í veg fyrir nám eða þátttöku nemenda.

Fjölbreytt nám

Samfylkingin vill efla iðnnám og annað starfsnám og gera skapandi greinum og nýsköpun hærra undir höfði á grunn- og framhaldsskólastigum. Áhersla verði lögð á að nemendur geti sótt það nám sem þeir hafa áhuga á. Fullorðið fólk eigi greiðan aðgang að endur- og símenntun til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Kynjajafnrétti

Samfylkingin vill að öll kyn njóti sömu tækifæra og standi jafnt að vígi þegar kemur að menntun, atvinnuþátttöku, heilbrigði og þroskun hæfileika sinna. Launamunur kynjanna á ekki heima í samfélagi jafnaðarmanna á 21. öld. Samfylkingin vil samfélag þar sem kynbundið ofbeldi er ekki liðið.

Geðheilbrigði í skólum og á vinnumarkaði

Samfylkingin vill að fólk sem upplifir hverskyns félagsleg- sálfræðileg- eða geðræn vandamál í námi eða starfi hafi greiðan aðgang að þjónustu og ráðgjöf svo úrlausn geti fengist áður en þau brenna út í starfi eða flosna upp úr námi. Það má til dæmis gera með því að efla alla stoðþjónustu svo sem náms- og starfsráðgjöf og sálfræðiþjónustu á framhaldsskólastigi.

Opinber störf

Samfylkingin vill að eftirsóknarvert þyki að starfa í opinbera geiranum með því að greiða samkeppnishæf laun og að aðstaða og tækni skapi möguleika á bestu gæðum og afköstum í allri þjónustu. Þá verði boðið upp á meiri sveigjanleika hvað varðar vinnutíma og staðsetningu starfa og ýtt undir nýsköpun í opinberum rekstri.

Græni þráðurinn

Bráðnauðsynlegt er að grænar áherslur séu viðhafðar í hvívetna í menntakerfinu og atvinnulífinu. Fræðsla um sjálfbæra þróun sé eflað á öllum skólastigum. Öll meðalstór og stærri fyrirtæki setji sér stefnu í umhverfismálum sem miði að því að sporna gegn hamfarahlýnun og hverskyns mengun.

Fjölbreytni í landbúnaði

Samfylkingin vill styðja við íslenskan landbúnað og halda sveitum landsins í byggð. [Stefna flokksins er að ýta í auknum mæli undir fjölbreytni, nýsköpun og enn umhverfisvænni framleiðslu í samráði við bændur.](#)

Deleted: Stefna flokksins er ekki að draga úr fjárframlögum til landbúnaðar á Íslandi heldur fremur að ýta í auknum mæli undir fjölbreytni, nýsköpun og enn umhverfisvænni framleiðslu í samráði við bændur. Efla má innlenda grænmetisframleiðslu til muna.

Vinnustaðir framtíðarinnar

Sveigjanleiki í vinnutíma og vinnustöð er lykill að framtíðar skipulagi á vinnumarkaði. Horfa verður til afkasta en ekki bara viðveru. Tryggja þarf að aukin framlegð starfa skili sér í hagsæld vinnandi fólks. Nýta skal nýjar nálganir sem auka starfsánægju, auka afköst án þess að ganga á fjölskyldur og einstaklinga og hækka framlegð starfa. [Tryggt verði að á vinnustöðum framtíðarinnar verði ávallt gætt að vinnuvernd starfsmanna.](#)

Deleted: en ekki aðeins atvinnurekenda.

Formatted: Font: Not Italic

Heilbrigður vinnumarkaður

Samfylkingin er ötull talsmaður réttinda vinnandi fólks og öflugur bandamaður verkalyðshreyfingarinnar. Réttur stéttarféлага til að gera kjarasamninga fyrir hönd sinna félagsmanna er ein undirstaða velferðarsamfélagsins og ber að virða í hvívetna. Samfylkingin vill uppræta og koma í veg fyrir að með félagslegum undirboðum geti fyrirtæki styrkt samkeppnisstöðu sína og brotið á launamönnum. Sérstaklega þarf að huga að því að vernda þá sem standa veikastir fyrir slíkum brotum svo sem ungt fólk og erlendum starfsmönnum.

Evrópusamvinna

Samfylkingin vill að Ísland semji um aðild að Evrópusambandinu og telur telur að efnahagslegum og pólitískum hagsmunum og tækifærum Íslands sé best borgið í Evrópusambandinu og með upptöku Evru. EES samningurinn hefur verið ein mesta lyftistöng fyrir íslenska þegna og íslenskt atvinnulíf á lýðveldistímanum. Samstarf EFTA ríkjanna við ESB hefur fært Íslendingum réttarbætur, nútímavæðingu stjórnsýslu og samkeppnislöggjöf.